

manns Þorsteins Þorsteinssonar 15 kr., og málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júní 1917.

Nr. 9/1917. Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson  
 gegn  
 bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni  
 f. h. bæjarstjórnar  
 Hafnarfjarðarkaupstaðar.

D ó m u r:

Niðurrjöfnunarnefndin í Hafnarfjarðarkaupstað lagði aukaútsvar fyrir árið 1916 á kutter »Surprise« í Hafnarfirði, að upphæð 175 kr., og skyldi útsvarið greiðast fyrir 1. júlí nefnt ár. Fiskiskipið »Surprise« var sameign áfrýjendanna, þannig að Einar Þorgilsson átti  $\frac{3}{4}$  hluta þess, en Bergur Jónsson  $\frac{1}{4}$  hluta. Þegar þeir eigi greiddu útsvarið krafðist bæjargjaldkeri þess 23. nóv. f. á. að það væri innheimt hjá gjaldendum. Krafa þessi var tekin fyrir af fógetarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar 2. febrúar þ. á. Mætti þar Einar Þorgilsson fyrir báða skipaeigendurna, mót-

mælti kröfunni og taldi útsvarið ólög-mætt. Fógetarétturinn úrskurðaði þá, að mótmælin yrðu ekki tek-in til greina, og að taka skyldi útsvarið lögtaki ásamt kostnaði. Var síðan lögtakið framkvæmt og tekin í lögtakið viðskiftabók við Pilskipaábyrgðar-félagið við Faxaflóa, með fullnægjandi innieign til greiðslu útsvarsins ásamt kostnaði, og afhenti Einar Þorgilsson fógetaréttinum áminsta bók. Þessum fó-getaréttarúrskurði hafa þeir Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út-gefinni 12. febr. f. á. og hafa þeir krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og lögtaksgerðin ónýtt, og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti og yfirdómi. Hinsvegar hefir stefndi, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, krafist þess að hinn áfrýj-aði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða málskostnað. eftir mati réttarins.

Áfrýjendurnir eru borgarar í Hafnarfjarðarkaup-stað, annar þeirra kaupmaður og hinn skipstjóri, og segja þeir að fullu gjaldi til bæjarsjóðs hafi verið jafnað á hvorn þeirra persónulega eftir efnahag þeirra. En nú áttu þeir í sameign skipið »Surprise«, og héldu því úti til fiskiveiða. Verður að líta svo á að gjald það, sem hér er um að ræða, 175 kr. út-svarið, hafi verið lagt á þennan atvinnurekstur þeirra, fiskiútgjörð skipsins. Þessa álögu telja þeir ólög-mæta, því að ólögheimilt sé að leggja sérstakt gjald á þá fyrir skipið »Surprise« og vitna þeir í þessu efni til laga nr. 75, 22. nóv. 1907, 20. gr. Hins vegar hefir hin stefnda bæjarstjórn haldið því fram, að

niðurjöfnunarnefndin hafi, er hún lagði útsvarið á áfrýjendurna hvorn um sig, ekki tekið tillit til eigna þeirra í skipinu né til fiskiútvegs þeirra með því, en á þennan atvinnurekstur hafi nefndin lagt útsvar sérstaklega, og verði ekki álitnið að gjaldendum hafi verið ranglega íþyngt með þessu, enda telja stefndu þetta heimilt eftir hinum tilvitnuðu lögum. Það virðist nú og verða að skilja yfirlýsingu eða úrskurð niðurjöfnunarnefndarinnar á þá leið, að hún hafi, er hún lagði aukaútsvörin á áfrýjendurna persónulega, eigi tekið tillit til eignar þeirra í »Surprise« til hækkunar gjaldinu. Og spurningin verður þá, hvort nefndin hafi haft heimild til að leggja sérstakt gjald á »Suprise«-útgerðina, er áfrýjendur ráku í sameiningu. Hér er að ræða um félag manna, að vísu aðeins tveggja, er rekur arðsama atvinnu, og skiftist arðurinn milli sameigenda eftir eignarhluta hvors þeirra í félaginu, en eins og áður er getið um voru eignarhlutarnir mjög ójafnir. Hér gátu því verið nokkur vandkvæði á því fyrir niðurjöfnunarnefndina að skifta útsvari því, sem hæfilegt var fyrir »Surprise«-útgerðina, niður á sameigendurna, og var þá edlilegt að hún kysi heldur hinn veginn, að leggja útsvarið óskift á útgerðarfélagið. Svo löguð álagning tíðkast og í öðrum kaupstöðum landsins, sérstaklega í Reykjavík; eru þar útsvör lögð á botnvörpungafélög, mótorbátafélög o. s. frv., þótt allir sameigendurnir séu heimilisfastir í kaupstaðnum. Svo löguð álagning verður eigi heldur talin óheimil eftir 20 gr. í áðurnefndum lögum 22. nóv. 1907, 2. málslíð, er gefur þá reglu, að leggja megi gjald á arð-

söm fyrirtæki í kaupstaðnum, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur, svo framarlega fyrirtækið er rekið að minsta kosti fjóra mánuði af gjaldárinu, en talar eigi beint um þau arðsöm fyrirtæki, er eigendur þeirra eru heimilisfastir í kaupstaðnum. Það er engin heimild til þess að álykta að þessi fyrirtæki skuli vera álögufrí. Miklu fremur verður að álykta svo, að úr því að lögin heimila útsvarsálögu á fyrirtæki í kaupstaðnum rekin í 4 mánuði, er eigendur þeirra hafa þar ekki fast aðsetur, þá heimili þau jafnframt eða eigi síður útsvarsálögu á þau arðsöm fyrirtæki í kaupstaðnum, er eigendur þeirra eru þar heimilisfastir. — Þegar nú það er athugað, sem hér hefir verið tekið fram, virðist ekki verða álitid að niðurrjöfnunarnefnd Hafnarfjarðar hafi brostið heimild til að leggja á fiskiútgerðarfélagið »Surprise« aukaútsvar það, sem hér er deilt um. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða fúgetaréttarúrskurð og lögtaksgjörð, og eftir þessum úrslitum verða áfrýjendurnir in solidum að greiða hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað, er ákveðst 30 kr.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fúgetaréttarúrskurður og lögtaksgjörð staðfestist. Áfrýjendurnir Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson greiði stefnda, bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni, fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar 30 kr. í málskostnað, og lúk-

ist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lög-  
birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 11. júní 1917.

Nr. 68/1916.

Erasmus Gíslason  
gegn  
Ráðherra Íslands f. h.  
landssjóðs.

#### Ú r s k u r ð u r :

Áfrýjandi máls þessa, Erasmus Gíslason, fór fram á það síðasta réttardag 4. þ. m. að honum væri veittur 8 vikna framhaldsfrestur til vitnaleiðslu og til vara ef það fengist ekki, vikufrestur til andsvara. Af hálfu stefnda var því mótmælt að áfrýjanda yrði veittur nokkur frestur.

Með því áfrýjandi hefir með samþykki stefnda þrisvar fengið frest til vitnaleiðslu í málinu, sem sé 12. marz 5 vikna, 16. apríl 4 vikna og 14. maí 3 vikna, eða alls óslitinn frest í 12 vikur, og hann hefir eigi sýnt fram á, að þessi frestur hafi verið honum ónógur, er engin heimild til, gegn mótmælum stefnda, að veita honum enn frest til vitnaleiðslu, en samkvæmt varakröfu hans virðist mega veita honum vikufrest til andsvara.